

# Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 122 – 06.07.2009

Mánudaginn 6. júlí, árið 2009, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri sem ritaði fundargerð.

## DAGSKRÁ:

1. Hitaveita í Sæmundarhlíð.
2. Aðalfundur Gagnaveitu Skagafjarðar
3. Kýrholtsmálið.
4. Lánafyrirgreiðsla Sveitarfélagsins
5. Önnur mál.

## Afgreiðslur:

1. Undir þessum lið komu til viðræðna vegna lagningar hitaveitu í Sæmundarhlíð þeir Sigurgeir Þorsteinsson og Jón Grétarsson. Farið var yfir málið og skýrðu Sigurgeir og Jón afstöðu íbúa í Sæmundarhlíð varðandi hækkun á heimæðagjöldum sem rædd var á síðasta fundi aðila um þetta mál. Líklegt er að þeir notendur muni hætta við ef heimæðagjöld hækka. Ákveðið að skoða málið betur áður en frekari ákvarðanir verða teknar um framhaldið. Jón og Sigurgeir yfirgefa fundinn.
2. Lagt fram aðalfundarboð Gagnaveitu Skagafjarðar ehf. sem haldinn verður í Ráðhúsinu á Sauðárkróki 10. júlí nk. kl. 14.00. Samþykkt að stjórnarmenn fari hlutfallslega með atkvæði Skagafjarðarveitna ehf. á fundinum. Samþykkt að tilnefna Einar Gíslason í stjórn Gagnaveitu Skagafjarðar ehf. fyrir hönd Skagafjarðarveitna ehf. í stað Páls Pálssonar.
3. Einar Gíslason og Páll Pálsson gerðu grein fyrir fundi með Merði Árnasyni formanni Orkuráðs og Jakobi Björnssyni framkvæmdarstjóra Orkusjóðs 18. júní sl. Fyrir liggja nýir útreikningar frá Verkfræðistofunni Stoð ehf. varðandi kostnað við hitaveituleggi út frá Kýrholti. Samþykkt að senda útreikningana til Orkusjóðs ásamt ítrekun á að staðið verið við lánasamninga sem ákveðnir voru í upphafi verksins.
4. Lagt fram samkomulag á milli Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Skagafjarðarveitna ehf., dags. 11. júní 2009, um skammtímalán til veitnanna að upphæð allt að kr. 60.000.000,- til 31. des. 2010. Skammtímalán þetta er veitt til uppgreiðslu á yfirdráttarlánum Skagafjarðarveitna ehf. í banka og ætlað að létta á heildarvaxtagreiðslum sveitarfélagsins og stofnana þess þegar sú staða er uppi að lausafjárstaða Sveitarsjóðs leyfir. Sveitarsjóður hefur heimild til að innkalla lánsféð eða hluta þess hvenær sem er á lánstímanum, enda tryggt að Skagafjarðarveitur ehf. hafi áfram aðgang að yfirdráttarláni. Um leið og aðstæður leyfa geta Skagafjarðarveitur ehf. síðan fengið fjármagn skv. samningnum innan lánstímans á ný. Samþykkt, að fela veitustjóra að ganga frá samkomulaginu fyrir hönd Skv.

5. Önnur mál.

- a) Bréf frá Skottu kvikmyndafélagi, þar sem farið er fram á 100.000 kr. styrk vegna vinnu við gerð væntanlegar heimildarmyndar um Bjarna Haraldsson verslunarmann. Erindið samþykkt.
- b) Hitaveita frá Langhúsum að Sumarhúsum við Hópsvatn. Beiðni hefur borist um aðstoð við fyrirhugaða hitaveitu sem nýta á vegna frístundabyggðar við Hópsvatn. Samþykkt að ræða við Landbúnaðar-ráðuneytið og landeigendur um málið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.30  
Páll Pálsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)  
Páll Dagbjartsson (sign)  
Pétur Valdimarsson (sign)